


# PLÓGUR



VEFRIT LANDBÚNAÐARSAFNS ÍSLANDS

A – Deild

Desember 2016

## Ræktunarminjar í Ólafsdal

Ragnhildur Helga Jónsdóttir

Bjarni Guðmundsson

Landbúnaðarsafn Íslands

2016

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Búskaparminjar í Ólafsdal.....	4
Nytjar landsins með ræktun, heyskap og beit.....	4
Helstu ræktunarminjar í Ólafsdal .....	5
Heimatúnið .....	5
a) Beðasléttur .....	5
b) Tröð heim að bænum.....	9
c) Túnvegurinn upp að gamla bæjarstæðinu .....	9
d) Bæjarlækurinn.....	9
e) Mannvirki sunnanvert í túni .....	10
f) Aðrar framkvæmdir.....	11
g) Hugsanleg vatnsmiðlun .....	11
h) Nýrri framkvæmdir.....	11
Eyrar .....	12
Stekkur.....	13
Nátthagar.....	14
Litlar mógrafir í túninu .....	15
Orrustuflói .....	15
a) Vélalækur .....	15
b) Móhústún .....	16
c) Mógrafir .....	16
d) Flóðgarðar .....	16
e) Veggir og hleðslur í Orrustuflóa .....	16
Belgsdalur .....	17
Niðurlag .....	18
Framkvæmdir og árangur þeirra .....	18
Ástand og umhirða .....	19
Heimildaskrá:.....	20
Myndaskrá:.....	20
Viðauki 1:.....	21
Viðauki 2:.....	28
Viðauki 3 .....	29

## Inngangur

Í þessu verki er ætlunin að gera grein fyrir ræktunarminjum í Ólafsdal. Með ræktunarminjum er átt við hvers konar breytingar sem gerðar hafa verið á landi og umhverfi þar til þess að auka hagkvæmni landnýtingar til landbúnaðar. Fyrst og fremst er horft til verka sem talin eru frá tíma Torfa Bjarnasonar og skóla hans, þ.e. áranna 1875-1915. Einnig er greint frá yngri minjum, sem í sumum tilfellum hafa raskað minjum frá tímum búnaðarskólans.

Í Ólafsdal var stofnað til fyrsta reglulega búnaðarskólans hérlendis. Torfi Bjarnason var í forystu skólans alla tíð, alkunnur frumkvöðull í ýmsu því sem snerti landbúnað þeirra tíma. Með starfi sínu og áhrifum í gegnum nemendur sína hafði Torfi mórandi áhrif á framvindu landbúnaðar, einkum því er laut að ræktun lands og afurðavinnslu. Strax frá upphafi einkenndist skólastarfið af miklum framkvæmdum. Í starfsskýrslu fyrir fyrsta ár skólans (1880-1881) var eftirfarandi lýsing (JJJ; bls. 157)<sup>1</sup>: „Hálfbum mánuði fyrir réttir tóku piltar til að skera fram stóran flóa og voru við það fram um réttir, gjörðu þeir þar meira en 300 faðma af framræsluskurðum og köstuðu saman nokkru af rofinu.“ Því er ljóst að skólastarfið hefur haft mikil áhrif á landnýtingu í Ólafsdal og þær ræktunar- og búskaparminjar sem þar má sjá enn þann dag í dag.

Jörðin Ólafsdalur er eins og nafnið segir allvíður dalur skorinn inn í hálendið á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Land jarðarinnar nær frá fjöruborði til fjallabruna. Gróið land jarðarinnar er í meginatriðum þrenns konar: Á áreyrum og á framburði ár dalsins, brattar þurrlendishlíðar upp til skriðufóta og síðan deiglendi. Norðan við heimatún og syðst í því er það þurrlendi á skriðufótum sem mótar landið en á milli þessara skriða er deiglendi, þar sem drjúgur hluti túna er. Kostir jarðarinnar voru tiltölulega mikið landrými og kjarnmikið beitarland. Rúmar slægjur hafa verið á deiglendinu heima við bæ sem og á engjum framar í dalnum þar sem einnig var mótag mikið og gott. Áður en Torfi hóf að bæta jörðina fengust af túninu, sem að mestu mun hafa verið ósléttar, um 100-150 hestar heys. Líkt og algengast var má ætla að meginhluti heyfungs hafi verið úthey af engjalöndum. Játvarður Jökull Júlíusson hefur annars lýst jörðinni og öðru er varðar Torfa Bjarnason og starf hans í Ólafsdal. Hann lýsir m.a. heimalandi jarðarinnar svo:

„Megnið af nytjalandi jarðarinnar er norðanvert í megindalnum. Hlíðin öll utan frá móturnum Kleifahlíðar við fjörðinn og inn í Hvarfsdal, er bein, gróin, há og tíguleg. Undir hlíðinni fjarðarmegin er túnið Skjöldur, þar niður af túnið Neðri-skjöldur. Áfram er samfellt tún suðaustur með hlíðinni langt inn fyrir bæjarstæðið. Fjallmegin við bæinn heitir Steinröð hluti túnsins.

Hvarvetna munu fornir skurðir þurrka landið næst hlíðinni. Tveir víðlendir nátthagar hlaðnir eru neðanhallt í hlíðinni milli hennar og túnsins, innar í dalnum en bærinn. Megintúnið er á langveginn fram með hlíðinni norðaustan og austan við hæðina sem bæjar- og húsastæðið er á, samfellt, ræktargott, óbrigðult. Allvíða eru beðasléttur samkonar og lýst er á Eyratúninu, t.d. á Skildi.“

---

<sup>1</sup> Játvarður Jökull Júlíusson: *Torfi Bjarnason og Ólafsdalsskólinn*, (1986). Vísað er til bókarinnar sem JJJ með blaðsíðutali.

## **Búskaparminjar í Ólafsdal**

Búskaparminjar í Ólafsdal má með einfölduðum hætti flokka í fernt:

- a. Minjar tengdar búfjárhaldi, einkum mjólkurframleiðslu með ám
- b. Minjar um engjanýtingu og engjarækt
- c. Minjar í túni um ræktun, vörslu og umferð
- d. Minjar um jarðarhús

Þegar skoðaðar eru ræktunarminjar á svæði líkt og í Ólafsdal, sem er mjög mótað af búskap, er óhjákvæmilegt að þær minjar tengist öðrum minjum svo sem byggingum, en ýmist skýrist staðsetning þeirra af þeirri ræktun sem er til staðar, eða að ræktunin ræðst af staðsetningu þessara minja. Dæmi um slíkt eru tóftir peningshúsa. Oft er erfitt að greina hvort hafi komið á undan, ræktunin eða húsin. Í kringum húsin hefur fallið til meira af búfjárburði, sem hefur gert uppskeru meiri og þannig hefur orðið til slægjuland, sem síðan áfram hefur verið hægt að nýta búfjárburðinn á, auk þess sem stutt hefur verið að flytja hann úr húsunum. Í öðrum tilfellum er hugsanlegt að húsin hafi verið sett niður þar sem hefur verið tiltölulega rýrt land fyrir en hægt að rækta, með það fyrir augum að stutt væri að flytja búfjárburð á nærliggjandi tún og þar með rækta upp nýtt slægjuland. Í báðum tilfellum minnkar þetta flutninga á taði og heyi, og auðveldar þar með vinnu fólksins við að afla lífsviðurværis og fá sem mesta uppskeru út úr þeim auðlindum sem til staðar eru.

## **Nytjar landsins með ræktun, heyskap og beit**

Í Ólafsdal, líkt og á mörgum öðrum jörðum, hafa not lands og gæða þess verið margvísleg:

**Túnrækt:** Næst bæ raðast þær spildur sem ræktaðar hafa verið, eins og geislar út frá bæjarstæðinu. Væntanlega hefur hver hópur nemenda fengið ákveðið svæði þar sem þeim voru kennd rétt vinnubrögð og aðferðir við sléttun og ræktun lands. Því er ræktað land í Ólafsdal frá fyrri hluta 20. aldarinnar stærra en á flestum öðrum jörðum.

**Engjarækt:** Inni í Belgsdal voru engjar sem vatni var veitt á til þess að auka sprettu slægjulanda þar.

**Garðrækt:** Hluti af því sem skyldi kenna við skólann var matjurtarækt. Í þeim tilgangi var útbúinn matjurtagardur innan túns þar sem meðal annars voru ræktaðar kartöflur og rófur fyrir hið stóra heimili.

**Beitiland:** Utan við ræktarlandið var beitilandið og hafði staðsetning stekkja og kvía áhrif á nýtingu þess og þar með skipulag nýtingarinnar. Með því að halda beitarfénaði frá túnum var dregið úr beitarálagi á þau en úthagabeitin nýtt til framleiðslu á búfjárafurðum. Kvíar og stekkir voru mannvirkri sett til þess að ná hagfelldri nýtingu beitilandsins sem og vinnutilhögunar mjaltafólksins.

**Neysluvatn:** Vatn til heimilisnota og fyrir búopening var fengið úr Lindinni, sem er aðeins 250 m í beina loftlínu austsuðaustur frá skólahúsinu. Á hugvitsamlegan hátt var vatnið leitt sjálfrennandi 360 m langa leið heim að bæ.

**Vatn sem aflgjafi:** Inni á mýrinni sunnan við heimatúnin voru útbúnir skurðir sem söfnuðu vatni og leiddu það í átt að Tóvinnuhúsinu, þar sem vatnið knúði tóvinnuvélarnar.

**Vatn til áveitu/önnur vatnsnot:** Uppi undir hlíðinni, norðaustan við skólahúsið var útbúin flóðveita sem safna skyldi vatni úr lækjum og sitrum og koma því í einn læk sem rann niður á túnið. Þar með var hægt geyma og miðla vatni úr henni til áveitu á túnin neðan flóðveitunnar.

**Mótak:** Innan við túnin í Ólafsdal er mýri sem auk annars var nýtt til mótkas. Það voru mikil hlunnindi fyrir stórt heimili, að hafa aðgang að nægum eldivið, og var það hluti af vinnu skolasveina að stinga upp mó í mýrinni.

**Áin:** Mikil bleikjugengd var í ánni síðsumars og fram á haust. Framan af var dregið á, en síðar var bleikjan veidd á stöng. Bleikjan var m.a. þækilsöltuð til geymslu (AG : bls 2).

## **Helstu ræktunarmínjar í Ólafsdal**

Hér verður fjallað um ræktunarmínjar í Ólafsdal eftir svæðum. Fyrst verður heimatúnið með næsta nágrenni þess tekið fyrir og síðan þau svæði sem fjær liggja, og endað á Belgsalsengjum þar sem eru þær minjar sem fjærst eru bænum í Ólafsdal. Í umfjöllun hér að neðan er vísað til punkta í texta og á mynd í viðauka 1.

### **Heimatúnið**

Skipulag og umfang margra ræktunarmínjanna í Ólafsdal mótaðist af búnaðarskólanum, þar sem nokkur hópur nemenda var á hverju ári sem kenna þurfti verklag við sléttun og undirbúning ræktunarlands.

#### **a) Beðasléttur**

Mjög stór hluti heimatúnsins er með beðasléttum. Beðasléttugerð var ræktunarháttur sem hér lendis breiddist út á seinni hluta nítjándu aldar fyrir áhrif búfræðinga, sem lært höfðu til ræktunar erlendis, sem og íslensku búnaðarskólanna sem kenndu nemendum sínum beðasléttugerð. Tilgangur með þeim var að sléttu landið svo greiðfærara yrði til sláttar en ekki síður að móta yfirborð landsins þannig að vatn stæði ekki uppi á því og ylli klakabruna með kali á vetrum er spillti grassprettu. Beðin voru hvað form og stærð snerti mismunandi og virðast ýmsar aðstæður hafa ráðið þar.<sup>2</sup>

Á ljósmynd frá um 1900 (mynd 1) má einnig sjá greinilega þann urmul beðasléttuna sem gerður hafði verið í Ólafsdalstúni á starfstíma Búnaðarskólans. Beðaslétturnar liggja sem reitir á taflborði, að vísu ekki jafn reglulega, enda lagaðar að landfræðilegum aðstæðum, svo sem halla lands. Nokkur beð mynda hverja beðasléttu.

---

<sup>2</sup> Bjarni Guðmundsson: „Eigi er laut utan leiti sé – Rannsókn á beðasléttum“ Óbirt handrit 2016.




Mynd 1: Ólafsdalur. Ljósmynd tekin árið 1905. (Mynd: Jón Guðmundsson/Ljósmyndasafn Íslands).

Túnasléttun var mikilvægur hluti hins verklega náms skólapilta í Ólafsdal og sléttun landsins í beðum var ráðandi verklag þeirra tíma. Líklega hefur hver námshópur tekið fyrir útmældan skika til sléttunar er hann skyldi ljúka. Með tímanum varð um marga beðareiti að ræða og þá þurfti að sjá til þess að allt yfirborðsvatn ætti greiða leið í burtu án þess að rofmáttur þess yrði of mikill á víðu ræktunarlandinu ofan og norðvestan við bæinn. Sums staðar hafa því verið útbúnar eins konar þver-rennur fyrir enda beðasléttanna, sem taka við vatni af þeim og veita því áfram undan hóflegum halla. Með þverrennum var rofmáttur vatnsins skertur – komið í veg fyrir að vatnið græfi sig niður og myndi skorninga. Í sumum tilfellum eru beðasléttur beggja megin við þver-rennurnar og eru beðin mismunandi að breidd og hæð sitt hvoru megin þeirra. Það á við bæði á svæði norðvestan við skólahúsið á Efri- og Neðri-Skildi og eins niður á áreyrum við fjörðinn – á Eyrartúninu.



Mynd 2: Byggingar, vatnsveita og tún í Ólafsdal 1905. (Mynd: Jón Guðmundsson/Ljósmyndasafn Íslands; Merkingar á loftmynd: Arnar Guðmundsson 2012).

Á mynd 2 hér að ofan hafa heiti á húsum og túnspildum verið sett inn á mynd þá sem Jón Guðmundsson tók árið 1905. Hér að neðan eru þessi heiti sett inn á nýja loftmynd af svæðinu, til að auðveldara sé að átta sig á staðháttum og afstöðu.



Mynd 3: Örnefni á heimatúni í Ólafsdal. (Landmótun, 2016)

- **Smiðjuflöt**

Austan við skólahúsið er Smiðjuflöt og eru beðasléttur á henni.

- **Efri- og Neðri Skjöldur**

Neðan við mýrina Mýrarhorn er Skjaldartún sem skiptist í Efri- og Neðri Skjöld. Á milli þeirra er renna sem tekur við vatni sem rennur af víðfeðum beðasléttum sem liggja til beggja handa, en þær standast ekki á og eru misbreiðar. Breidd beðanna var mæld hjá beygju þeiri sem er á þessari rennu (punktur 34). Á Efri-Skildi er breidd beða sem mæld voru 5,7 m, 4,9 m og 5,2 m. Á Neðri-Skildi eru rennur milli beðanna dýpri og beðin því hærri en á Efri-Skildi. Beðin sem mæld voru á Neðri-Skildi voru 7,4 m, 4,3 m og 4,7 m á breidd. Um 25 m sunnan við áðurnefnda beygju liggar læna til vesturs úr rennunni sem skilur Skildina two (punktur 35). Svo virðist sem vatn úr þessari rennu hafi verið leitt í lænuna, og þannig komið af svæðinu, niður í flóann Mýrarskjöld sem er neðan við Neðri-Skjöld.

Í starfsskýrslu skólans fyrir árið 1891-1892 kemur eftirfarandi fram um framkvæmdir á Skildi, Lindarvelli og Traðarvelli: „*Sléttarð í túni*: 1270 ferh. faðmar á Skildi, Lindarvelli og á Traðarvelli. *Grafnir skurðir* til framræslu á Skildi og á Lindarvelli, 70 faðma langir, 1896 teningsfet. *Hlaðinn túngarður* úr torfi (fyrir Skildi) 70 faðma langur, 5880 teningsfet.“ (JJJ ; bls. 165)

- **Steintröð**

Túnspildan Steintröð er norðan við skólahúsið, umhverfis minnismerkið um Torfa og konu hans Guðlaugu sem þar stendur. Þessi spilda er alsett beðum og mældust fjögur beðanna 4,5 m, 4,4 m, 5,0 m og 5,3 m, talið frá vestri.

- **Lindarvöllur**

Norðaustan við lindina sem Bæjarlækurinn á upptök sín í, er túnspilda sem nefnd er Lindarvöllur. Hún er nær alsett beðum; beðin eru um 5,6 m á breidd og eru þau enn mjög skýr og greinileg. Þarna er um valllendi að ræða sem nær upp með Torfanátthaga og inn að órækt í bæjarhlíðinni norður og austur af<sup>3</sup>.

- **Matjurtagarður**

Í skólareglum sem samþykktar voru árið 1880 sagði að matjurtarækt skyldi vera hluti af verklegri kennslu skólans: „Í því skyni skal kennarinn hafa matjurtagarð ekki minni en 200 fer-faðma, og rækta í honum bæði jarðepli og rófnategundir. Skal hann láta piltana vinna alla garðvinnu, en hafa stöðugt eftirlit með þeim.“ ( JJJ ; bls.143) Til að framfylgja þessum reglum var matjurtagarður innan túns í Ólafsdal. Hann var staðsettur suðaustan við lindina sem Bæjarlækurinn kemur úr, vestan undir Torfanátthaga. Þarna sjást ekki lengur ummerki um þennan garð, en beðasléttur eru þar nú og er þessi spilda samtengd Lindarvelli.

Í skýrslu fyrir fyrsta starfsár skólans (1880-1881) var eftirfarandi lýsing: „Piltarnir brutu upp og undirbjuggu til matjurtaræktar 150 ferfaðma af gömlum rústum og móum og girtu blett þennan með torfgarði á tvo vegi en vírgirðingu á tvo vegi. Garðurinn varð síðbúinn til sáningar. Þó voru jarðepli sett niður í þriðjunginn en sáð til rófna í tvo þriðju parta.“ (JJJ; bls. 157)

- **Háivöllur**

Á Háavelli eru beðasléttur, sem liggja frá norðnorðaustri til suðsuðvesturs. Endi hluta þeirra er við farveg Bæjarlækjar, þar sem hann er leiddur heim að húsum.

Á Háavelli eru leifar af fjárhúsum og fjárhúshlöðu (punktur 16). Þetta voru steypt hús og eru seinni tíma bygging.

---

<sup>3</sup> Arnar Guðmundsson 2012: *Fræðslustígur um Ólafsdal*. Óbirt handrit. Vísað er til handritsins með AG.

### **b) Tröð heim að bænum**

Eins og tíðkaðist víða var tröð upp hólinn, heim að bænum. Torfi hlóð steintröð sem náði allt frá núverandi hliði og upp á móts við vesturhorn skólahússins, nokkur skref frá því. Lágu hlaðnar tröppur upp úr tröðinni, fyrir gesti er þeir stigu af baki. Sagt var að þessi tröð hafi verið einhver hin vandaðasta og stærsta sinnar gerðar og mótaði hún mjög aðkomuna að skólanum til fjölda ára. Því miður var þessi tröð rudd út með jarðýtu þegar kom fram á 20. öldina og sá aðeins á stuttan part af suðurvegg hennar, næst bænum (AG 2012; JJJ 1986, bls. 256). Á síðustu árum hefur annar veggur traðarinnar verið endurhlaðinn og væri æskilegt að endurgera tröðina að fullu, því hún er mikilvægur hluti af þeirri heildarmynd sem búsetuminjarnar mótuðu í Ólafsdal á tímum búnaðarskólans.

Áður fyrr stóð mikil geymsluskemma fyrir reiðtygi og reiðing neðst við tröðina ármegin og kvíar voru norðan við hana.

Til norðurs niður af Steintröðinni er lítt túnskiki sem liggur allt niður að vegin og var kallaður Skottið (AG).

### **c) Túnvegurinn upp að gamla bæjarstæðinu**

Frá skólahúsinu liggur upphlaðinn vegur til austurs, í átt til fjalls. Hann mun hafa legið upp að gamla bæjarstæðinu, sem var um það bil þar sem núverandi kálgarður er. Við lækinn er vegurinn um 3,6 m á breidd og ennþá er hann 50-60 cm á hæð (punktur 22). Þetta hefur sýnilega verið kerruvegur og er hann enn mjög skýr og greinilegur. Hann hefur verið hlaðinn úr grjóti og sést grjóthleðslan að hluta. Vegurinn hverfur um það bil þar sem núverandi kálgarður tekur við (punktur 23).

Í skólaskýrslu fyrir árið 1885-1886 er gerð grein fyrir þeim verkum sem unnin voru það árið. Meðal annars er eftirfarandi: „Vagnbrautir vegna móflutninga og annarra flutninga, 5 álna breiðar. Rudd 100 faðma löng og 100 faðma löng hlaðin upp annars vegar.“ ( JJJ ; bls. 167). Vel gæti þar verið um þennan túnveg að ræða, svo nærri gamla bænum sem hann er þar sem mórinna var notaður. Væri vegurinn þá eitt elsta dæmi um túnveg hérlandis því að um þær mundir voru flutningavagnar ákaflega sjaldgæfir til sveita, nánast óþekktir þegar Torfi tók þá í notkun.

### **d) Bæjarlækurinn**

„Eitt mannvirki í Ólafsdal lætur ekkert á sjá. Það er lækurinn, sem Torfi bjó til, lét búa til, til að veita vatni alveg heim að bæ og peningshúsum. Honum er veitt úr læk uppi undir hlíð þannig, að hann þræðir vatnshalla eftir nær flatri leið langan veg eftir túninu. Leikur grunur á að einshvers staðar hafi jafnvel verið hækkað upp, færð til mold með hestarekum. Smásteinar hafa verið fluttir að til að þéttar farveginn, gera hann hreinan og nánast óhagganlegan.“ ( JJJ ; 255)

Í skólareglum sem samþykktar voru við stofnun skólans árið 1880 kemur fram að eitt af því sem kenna skal verklega við skólann eru vatnsveitingar:

Kennarinn skal venja piltana við að gjöra seitlrennur, skurði og stíflugarða til vatnsveitinga. Þar að auki skal hann láta piltana á víxl gæta þeirra vatnsveitinga, er hann hefir, eftir þeim reglum er hann álfítur bestar. Einnig skal hann kenna þeim hallamælingar, svo að þeir geti lagt láréttar rennur, skurði með ákveðnum halla og fundið réttan hæðarmun á löngum og ósléttum vegi. (JJJ 143-144)

Tjörnin eða uppsprettan sem lækurinn rennur úr er um 255 m austsuðaustur af núverandi skólahúsi. Hlaðið hefur verið um uppsprettuna að norðvestanverðu (punktur 17). Lækurinn hefur verið leiddur í sveig heim að húsum um 360 m leið, og fékkst með því sjálfrennandi vatn. Þar sem lækurinn fer yfir bleytur um 100 m sunnan við skólahúsið er lækjarfarvegurinn farinn að gróa örlítið til og hér þyrfti að huga að viðhaldi (punktur 19). Bæjarlækurinn rennur um 30 m til austurs frá Mjólkurhúsinu, þar rennur hann í ræsi undir slóðann að gamla bæjarhólnum. Norðan slóðans sveigir lækurinn til vesturs, að túninu Steintröð, rennur norður með beðasléttunum og megnið af honum rann síðan til norðnorðausturs austan við Efri-Skjöld, þar sem hann sameinaðist Flóðveitulæk, sem norðar verður að Gildruneslæk (AG, 2016).

Til norðvesturs úr tjörninni sem Bæjarlækurinn kemur úr, liggur svo annar skurður, líklega handgraffinn. Óljóst er hvort hann hafi verið notaður til áveitu en þessi skurður heldur áfram til norðurs, í áttina að Flóðveitulæk.

#### e) Mannvirki sunnanvert í túni

Sunnan við Háavöll er samfelld tóftaröð í túnjaðrinum. Um tvær tóftir er að ræða og er nyrðri hluti hennar tvískipt. Sá hluti er fjárhústóft með tvistæðingi. Hlaða er að sunnanverðu, í miðju. Syðri hluti tóftana er eldri (punktur 1).

Í suðri afmarkast túnið af túngarði sem er um 330 m langur. Við norðaustur endann er skurður sunnanvert við garðinn, en sá skurður nær einungis um skamman veg. Garðurinn er brattur að utan (mót suðri) en aflíðandi inn að túninu, til að nýta gróðurinn en verjast ágangi búpenings að utan. (punktar 2 (við hlið) og 14). Við suðvestur endann er horn á garðinum og hann heldur áfram til norðurs, um 100 m og nær allt að tóft sem þar er, frammi á bakkanum við áreyrarnar. Nyrðri hluti tóftarinnar er hlaðin gryfja og sunnan við hana er tvískipt tóft eða tvistætt fjárhús. Gryfjan er 2,9 m á breidd og 7,10 m á lengd. Veggir eru a.m.k. 1,8 m á hæð. Á þrjá kanta hefur steypu verið slett í hreina grjóthleðslu. Líklega er þetta votheysgryfja (punktur 15) en Torfi var einn af forgöngumönnum votheysgerðar hér á landi.<sup>4</sup> Við þessa tóft beygir túngarður niður á eyrina og heldur áfram á henni til norðvesturs.

Þegar haldið er til norðurs, um 120 m er komið að leifum seinni tíma byggingar. Um er að ræða steyptan húsgrunn (punktur 16).

Um 70 m suðsuðvestur frá suðurenda skólahússins er horn neðan við núverandi girðingarhorn (punktur 20). Þarna er hleðsla utan í bakkanum, bæði grjótveggur og torfveggur. Líklega er þarna einhver óreglulegur túngarður. Veggurinn hverfur til norðvesturs á árdalsbrúninni. Slitrur þessa veggjar halda svo áfram og er hann skýrari þegar kemur norðar og er endi garðsins rétt hjá hliði á heimreið heim að skólahúsinu, um 85 m vestnorðvestur af nyðri enda hússins (punktur 24).

Syðst í túni, til suðurs og vesturs frá hesthústóftunum niðri á barðinu, er spilda sem ber nafnið Gullkinn. Dregur hún nafn sitt af þeim ærna kostnaði sem Torfi hafði af því að slétta hana og koma í notkun (AG 2012; bls. 2).

<sup>4</sup> Torfi Bjarnason: *Andvari X*, 1884, 121-147.

#### f) Aðrar framkvæmdir

Tæplega 40 metra frá syðri kanti ræktunarreits sem er við Stekk, er veggjarbrot, sem virðist mjög gamalt, þar sem það er vaxið mosa. Þetta veggjarbrot er um 43 m á lengd en er ótengt í báðar áttir. Nokkur beygja er á vegnum, um miðja vegu. Við beygjuna er veggur hornrétt á þann fyrri og er stærð þess hólfs um 2,5x2,5 m (punktur 33). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta gegndi.

Um 180 m suð-suðaustan við þetta hólf er garður í túninu. Hugsanlega er þarna um vörlugarð að ræða og er hann að öllum líkindum eingöngu úr torfi (punktur 25).

#### g) Hugsanleg vatnsmiðlun

Hluti af þeim verkum sem kenni voru á skólanum var hleðsla flóðgarða. Í skólaskýrslu fyrir veturninn 1885-1886 er í fyrsta sinn getið um þetta: „2. *Hlaðinn flóðgarður* 112 faðma langur, mestallur 3-3 ½ fet á hæð og 6-8 feta þykkur. Aðrir flóðgarðar 90 faðma langir 1 ½ -2 fet á hæð og 3-4 fet á þykkt.“ Skólaárið 1890-1891 segir efifarandi: „*Hlaðnir flóðgarðar* og fyrirstöðugarðar við áveitu, 96 faðma = 1735 teningsfet.“ ( JJJ ; bls. 177).

Upp undir hlíðinni, norðaustan við skólahúsið eru tveir garðar sem voru hluti flóðveitunnar sem Torfi útbjó. Þeir liggja á ská upp í hlíðarnar til norðurs og suðurs og sameina læki og sitrur í einn læk, kallaður Flóðveitulækur, sem rann síðan á milli garðanna (punktur 26). Vélgraffinn skurður liggur niður gegnum garðana, til suðvesturs og endar í þeim farvegi sem Flóðveitulækurinn rann eftir áður fyrr. Skurðurinn hefur því að hluta spillt þeirri heildarmynd sem þarna var.

Ekki er fyllilega ljóst hvaða nytjar voru af þessari vatnssöfnun. Líklega hefur verið um einhvers konar áveitu að ræða fyrir ræktað land, en þó jafnframt getur verið að þarna hafi verið um vatnssöfnun að ræða til fleiri þarfa. „Ein not eru þó vel þekkt: Þegar hið þrónga skarð milli Flóðveitugarðanna var stíflað með hlera myndaðist lón þar sem gott var að busla og synda, enda með grasbotni að stórum hluta og volgnaði fljótt í sól.“ (AG 2012; bls. 4) Skoða þarf nánar landhalla út frá Flóðveitulæk til að sjá hvert vatnið getur hafa verið leitt sem safnað var saman við Flóðveitugarðana og leitt um Flóðveitulækinn.

#### h) Nýrri framkvæmdir

Skurður sem graffinn var með hlíðinni, ofan við túnið er tilkominn á seinni tínum. Jafnframt liggur skurður niður hallann, til suðvestur og síðan áfram til norðvesturs. Þessir skurðir fara þvert yfir fyrri tíma framkvæmdir, svo sem Flóðveitulæk og skurði sem frá honum lágu.

Ráðlegt væri að fylla upp í þessa skurði sem eru seinni tíma framkvæmdir, því þeir raska þeirri heildarmynd eldri framkvæmda á svæðinu.

## Eyrar

Niður á eyrunum sem Ólafsdalsá hefur myndað eru gömul tún með miklum vörlugörðum í kring. Þarna stóðu lengi aðalfjárhúsin í Ólafsdal sem Torfi létt reisa en lítið sér móta fyrir þeim nú (AG 2012, bls. 4)

Á eyrunum, sem eru afmarkaðar frá túninu, var gott slægjuland og má segja að þarna hafi verið um túnauka að ræða. Jafnframt hefur þarna verið gott beitiland, bæði vor og haust. Að sögn Guðmundar Rögnvaldssonar, sem var bóndi í Ólafsdal um miðja síðustu öld, var fénu beitt í fjöruna í góðu veðri að vetri til. Einnig leitaði féð í fjöruna fyrst eftir að því var sleppt á vorin, áður en það leitaði upp í hlíðar, þar sem seinna greri hærra yfir sjó.

Í suðausturhorni spildunnar er túngarðurinn 1,35 m á breidd og 60-70 cm á hæð núna (punktur 38). Í hann hefur verið notað grjót úr ánni. Þegar kemur norðar hækkar garðurinn, hefur greinilega haldist betur en í horninu. Hann er álíka breiður og í horninu, eða um 1,35 m en hæðarmunurinn skýrist hugsanlega af aldursmunum.

Túngarðurinn nær um 109 m norðnorðvestur, beygir þar til vestnorðvesturs (punktur 39) og nær um 75 metra (í punkt 40). Þar virðist sem framhald garðsins hafi verið rutt og aðeins rætur hans, neðsta steinaröðin er hér áfram, í átt til sjávar. Vestan við enda garðsins er grjót svipaðrar gerðar og í garðinum, á víð og dreif, og er það til merkis um að garðurinn hafi verið ruddur út. Þessi garður hefur haldið áfram út undir sjó og er hann uppistandandi veststu 10 metrana eða svo. Þar mætir hann garði sem liggur meðfram sjónum. Þessir garðar hafa mæst í punkti nr. 41. Garðurinn meðfram sjónum er að mestu leyti úr torfi, einkum sá sem liggur til suðurs úr punkti 41, en hugsanlegt er að grjót sé að einhverju leiti í honum þar sem hann liggur til norðurs. Frá þessum skurðpunktum túngarðanna liggur einnig vírgirðing sem sem seinni tíma framkvæmd – þarna koma því saman leifar þriggja gerða girðinga; grjótgarður, torfgarður og vírgirðing.

Túngarður með sjó nær um 110 m til norðnorðaustur og þar beygir hann til austnorðausturs (punktur 42) og nær um 35 m í þá átt (í punkt 43).

Til suðurs frá punkti 41 nær túngarðurinn í um 70 m til suðvesturs, beygir þar til suðurs og nær a.m.k. 120 m til suðurs en er þar að öllum líkindum rofinn af vatnsskorningi sem þar er. Garðurinn heldur svo áfram sunnan þessa skornings, mjúk beygja er á honum þar sem garðurinn sveigir til austurs og nær upp undir þjóðveginn og heldur áfram með honum í upphafspunktinn í suðausturhorni svæðisins (punktur). Þessi suðurkantur er um 310 m á lengd, hlaðinn úr grjóti. Austanvert er hann um 120-125 cm á hæð og virðist það vera full hæð á köflum.

Innan við grjótgarðinn að sunnanverðu er minniháttar upphækken sem er um 115 m löng (punktur 48). Hér er líklegast um hestagötu að ræða ekki kerrubreiða. Um 15 m frá suðausturhorni grjótgarðsins, beygir þessi vegur til austurs (punktur 49) og heldur áfram um 20 m utan grjótgarðsins að þeim vegslóða sem nú liggur frá þjóðvegi niður á Eyrar (punktur 50). Ekki sjást merki um hann austan slóðans, líkast til hefur honum verið raskað á seinni tínum.

Þessu ræktarlandi á Eyrum hefur því í raun verið skipt í tvennt með görðum. Syðri hlutinn er mun stærri, eða um 4,6 ha en nyrðri hlutinn er um 0,95 ha að stærð.

Á syðra svæðinu eru beðasléttur mjög áberandi. Á norðvestanverðu svæðinu er renna sem liggur frá lænum næst sjó, um 40 m til austurs (að punkti 44), beygir þar og nær um 60 m til suðurs (að punkti 45). Þar beygir hún aftur og nær um 30 m til suðausturs. Þar sem hún liggur til suðurs, eru beð á báðar hendur. Breidd beðanna austan rennunar er: 4,0 m, 5,4 m, 5,8 m, 5,4 m, 5,4 m og 6,1 m, talið frá norðri til suðurs. Beðin ná um 60 m til austurs frá rennunni (að punkti 47). Vestan rennunar er breidd beðanna 5,7 m, 6,2 m, 5,6 m og 5,8 m. Þetta síðasttalda er í fullri lengd, þar sem það er sunnan við enda rennunar og því ekki skorið af henni. Beðin halda síðan áfram til suðurs.

Rétt sunnan við mitt svæðið eru tóftir af fjárhúsi. Þær eru að innanmáli um 12,6 m á lengd og 4 m á breidd. Hér er um lága veggi að ræða úr grjóti og torfi. Austast í henni er þverveggur sem sker hana að hluta. (Punktur 46 er í suðvesturhorni tóftarinna).

Þegar tvíbýlt var í Ólafsdal eftir tíma Torfa voru þessi fjárhús á Eyrunum, sem Torfi reisti, aðalfjárhúsin enda stærri en þau sem hitt búið notaði upp á Háavelli. Guðmundar Rögnvaldssonar lýsir þeim þannig að í þeim hafi verið fjórar krær með jötum í miðjunni og fjórar dyr inn í sjálft fjárhúsið, ein fyrir hverjar tvær krær. Kindur í hverri kró gátu gengið hálfhring kringum sína jötu. Fjárhúsdýrnar snuru til norð-norðvesturs. Áföst hlaða til suðurs með fjórum opum út í jöturnar. Hliðar fjárhúsanna voru úr torfi og grjóti beggja vegna en svo timburveggir með hurðunum fjórum á og skúrbak yfir. Ferskt vatn seitlaði undir áreyrunum og framan af var brotið ofan af uppsprettunni og vatn borið í húsin. Seinna meir var handdælu komið fyrir í skúr við fjárhúsin, þannig að hægt væri að dæla vatninu inn í húsin (Arnar Guðmundsson, tölvupóstur 15. apríl 2016).

## Stekkur

Stekkir voru notaðir á þeim tíma þegar lömb voru færð frá mæðrum sínum og ærnar mjólkaðar til að fá sauðamjólk fyrir heimilisfólk. Ánum var haldið til beitar og þær mjólkaðar kvölds og morgna.

Í norður frá skólahúsinu, á Stekkjarmóá, er Stekkur. Hann var hlaðinn af Torfa og skólapiltum hans og er hann úr grjóti að mestu leyti, en er torfhlaðinn að hluta. Stærð hans er um 109 m á lengd og 81-88 m á breidd. Flatarmál hans er nálega 0,96 ha. Nyrsti garður Stekkjarsins er nú um 1,60 m á breidd og hæðin 70-80 cm, og er hann grjóthlaðinn. Við punkt 30 er horn á náthaga og túngirðingu. Ofan þessa horns er u.þ.b. þrisvar sinnum meira grjót í náthagagirðingunni en túngirðingunni neðan hornsins.

Austurhluta Stekksins er skipt með garði sem liggur frá austnorðaustri til vestsuðvesturs. Lengd hans er um 65 m og er um að ræða verulega efnismikinn og jafnhlaðinn garð, sem er mjög grjótborinn. Sá hluti garðsins sem er nær fjallinu er torfhlaðinn að einhverjum hluta að norðanverðu og virðist sem grjótið hafi verið drýgt með torfi (punktur 29 í enda garðsins). Ekki er ljóst hvort þessi garður inn í miðjan Stekkinn hafi gefið möguleika á að hvíla hluta Stekksins eða hvert hlutverk hans hefur verið.

Meðfram norðurhluta Stekksins, vestan við hann miðjan er kví, hlaðin úr grjóti og torfi, og er hún opin til vesturs. Kvín er að innanmáli 3,90 m á breidd og 14,8 m á lengd (punktur 28 í norðausturhorni kvíar).

Vesturhlíð Stekksins er garður sem er blandaður úr torfi og grjóti. Þessi hluti garðsins virðist vera gamall. Örlítil beygja er á garðinum um 36 m frá nyrðri enda hans, um punkt 31. Frá þessum punkti

og áfram til suðurs er garðurinn eingöngu gerður úr torfi. Frá punkti 31 liggur einhvers konar garður til vesturs, um 49 m langur.

Vestan við suðvesturhorn Stekksins er ræktaður reitur með beðasléttu. Beðin eru misbreið, það nyrsta er 5,1 m, þá 4,5 m, 4,8 m, 4,4 m, 4,5 m, 4,7 m, og 4,4 m það sem er austast. Stærð reitsins er um  $33 \times 33$  m og eru garðurinn umhverfis hann nær eingöngu úr torfi, brattur að utan. Norðausturhorn reitsins er í punkti 32. Hlið er á garðinum í suðausturhorni hans og heldur garður áfram til suðurs austan hliðsins.

Í beinu framhaldi af norðurhlið Stekksins er túngirðing, einnig grjóthlaðin, sem liggur til vesturs niður að þjóðvegi (punktur 37). Neðar, nær afleggjaranum er þessi garður úr torfi. Hann nær niður að eyrum með ánni, en hefur verið rofinn sundur af þjóðveginum. Annar garður, úr grjóti, liggur meðfram afleggjaranum og mynda þessir tveir horn norðvestan við þjóðveginn, en við gerð þjóðvegarins hefur einnig verið rofið skarð í þennan grjótgarð.

Þegar staðsetning Stekksins er skoðuð, þarf að hafa í huga hvar beitilandið er og fjarlægð frá bæ. Almennt var það þannig að kvíar voru nær bæ en stekkirnir voru fjær. Ekki hafa fundist minjar um kvíar í næsta nágrenni við bæinn í Ólafsdal en fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Annars vegar getur verið að minjar um kvíar hafi eyðilagst þegar farið var í ræktunarframkvæmdir kringum bæinn. Hins vegar getur skýringin verið að þar sem núverandi stekkur var gerður svona seint, þ.e. undir lok 19. aldar, þá hafi ekki verið sama fyrirkomulag á fráfærum og notkun á kvíum og stekkjum og þar sem þessi notkun hafði tíðkast áratugum eða öldum saman. Því hafi kvíar ekki verið hlaðnar og notaðar í tíð Torfa. Ef til vill hefur stekkurinn þá gegnt hlutverki þeirra. Þess ber þó að geta að í Ólafsdal er örnefnið Kvíahjalli sem gefur til kynna að þar hafi kvíar verið, þótt nú sjáist engar minjar um þær. Kvíahjalli er í austur af skólahúsinu, uppi undir hlíðinni og er Grjótnátthaginn á þeim hjalli (AG 2012, bls. 3; Örnefnaskrá Ólafsdals).

En staðsetning Stekksins út frá beitilandi er mikilvægt atriði. Mikilvægt var að nýta úthagabeitina fyrir fénaðinn og því voru stekkir staðsettir fjarri bæ, nálægt góðu beitilandi. Með þessu móti var beitinni stýrt og beitarálaginu dreift. En jafnframt kom góður áburður frá skepnum sem græddi upp svæðið í og kringum stekkinn. Í Ólafsdal gefur staðsetning stekksins til kynna að beitilandið sem nýtt var hafi verið út með hlíðinni, til norðurs frá dalnum, inn með firðinum. Það svæði liggur fjær túnunum, bæði heima við bæ og niðri á eyrunum við fjörðinn og því verið sá hluti gróðurlendisins sem síst var hægt að nýta til fóðuröflunar.

Í Ólafsdal hefur stekkarvegurinn verið tæpir 500 m, þ.e. vegalengdin heiman frá bæ á stekkinn.

## Nátthagar

Austur af lindinni sem Bæjarlækur rennur úr, er Torfanátthagi. Túngirðing að sunnanverðu myndar suðurhlið hans. Nátthaginn er tæpur 70 m að lengd, þar sem hann er lengstur og um 60 m á breidd. Heildarflatarmál hans er um 0,38 ha. Þessi nátthagi er að öllum líkindum hlaðinn á upphafsárum skólans, líkt og Grjótnátthagi sem er þarna fyrir sunnan, uppi á Kvíahjallanum. Grjótnátthagi er um 100 m að lengd og 85 m að breidd þar sem hann er breiðastur. Að flatarmáli er hann um 0,8 ha. Veggur hlíðarmeginn er u.b.b. 1 m á hæð þar sem hann er hæstur, 1,3 m á breidd, torfhlaðinn að ofan. Hinn hluti garðsins er grjóthlaðinn, hleðsla er bæði heilleg og skýr. Óverulegur munur er á

gróðri innan og utan nátthagans. Í suðvesturhorni hans eru kvíaveggir og er innanmál þeirra 3,30 m x 18,3 m. Þessi nátthagi er hlaðinn af Torfa og skólapiltum á upphafsárum skólans: „Nátthagi rúmlega 3 dagsláttur að stærð var girtur með 25 föðmum af torfgarði, 50 föðmum af einhlöðnum grjótgarði og að öðru leyti með járnvírsgirðingu. Einnig var honum skipt í tvennt með vírgirðingu. Við annan nátthaga gjörðu piltar 16 faðma af tvíhlöðnum grjótgarði. Allt grjót færðu piltar að um leið.“ ( JJJ 1986; bls. 157).

Notkun nátthaga var ein leið til að auka og bæta slægjuland. Torfi taldi að áburður úr 20 kvíám dygði til að rækta upp nátthaga sem væri dagslátta að stærð, þ.e. rúmlega 3400 m<sup>2</sup> (Þorvaldur Thoroddsen, 1919, sjá Birna Lárusdóttir 2011). Þar sem nátthagar voru notaðar, þurfti ekki að leggja mikla vinnu í áburðardreifinguna sjálfa og oft var þeim valinn staður þar sem aðstæður í náttúrunni hentuð vel, s.s. undir klettabeltum eða við ár. Slíkt er þó ekki raunin í Ólafsdal, þar sem þeim var valinn staður á rýrara landi uppi undir hlíðinni og lífræn efni úr búfjáráburðinum nýttust til að bæta beitilandið og hugsanlega gera það að slægjulandi með tímanum.

## Litlar mógrafir í túninu

Uppi undir fjallshlíðinni, um 130 m sunnan við Stekkinn, eru leifar um einhvers konar framkvæmdir, einna líkast því að um mógrafir sé að ræða, þótt ekki sé það ljóst, sérstaklega vegna þess hversu þéttar þessar framkvæmdir eru en hver og ein er lítil um sig. Þarna er flati, nokkuð djúpur jarðvegur, sem virðist vera mór. Þessar framkvæmdaleifar eru um 2x2 m á stærð, víðast hnédjúpt eða rúmlega það og eru kantarnir mjög reglulega skornir. Nokkrar framkvæmdir af þessum toga eru á svæðinu, en torvelt er að sjá með vissu hvað þarna er um að ræða (punktur 27).

## Orrstuflói

### a) Vélalækur

Innan við túnið, niður undir á, er grunnur gamla Tóvinnuhússins, sem byggt var 1898. Til að knýja tóvinnuvélarnar, var Vélalækur leiddur ofan úr mýrinni, eftir miklum skurði að húsinu, þar sem vatnsaflið snéri vélunum. Þetta er mjög skýr skurður, allt að 1,5 m að dýpt miðað við umhverfið. Uppgröftur er til beggja handa, og hefur honum verið hent allt að 5 m út frá skurðinum. Skurðurinn er liðlega 70 m að lengd og hefur því mikið magn jarðvegs verið grafið upp og flutt til, þegar hann var gerður. Ofan við skurðinn hefur gamli lækjarfarvegurinn verið notaður, en hlaðið hefur verið að til að halda vatninu. (Punktar 11, 12 og 13). Ofar með ánni nefndist lækurinn Orrustulækur.

Innan við tóvinnuhúsið er skurður við ána, sem leiddi vatn úr Hvarfsdalsánni í Vélalækinn og var þetta vatn einnig nýtt til að knýja vélarnar. „Þegar horft er eftir greinilegum áveisuskurði og farvegi Vélalækjarins og upp eftir Hvarfsdalsánni hafa margir á orði að hér hafi Torfi veitt vatninu upp í móti.“ (AG 2012; bls. 3)

Frá Tóvinnuhúsinu var vatnið leitt niður með barðinu sem er ofan við Tóvinnuhúsið, síðan út á eyrar við ána uns það rennur út í ána um 170 m neðan við húsið.

## b) Móhústún

Inni á Orrustuflóa, niður undir ánni er Móhústún og eru tóftir þar við. Einnig er garður norðaustanvert við túnið. Túnið var slegið og síðan breiddur á það til þurrunar mór sem stunginn var í miklum mógröfum í Orrustuflóa. „Tóftirnir eru af Móhúsini sem Torfi reisti. Þar var móriminn geymdur og svo sóttur á sleða á vetrum eftir þörfum til kyndingar.“ (AG 2012; bls. 3)

## c) Mógrafrir

Í Orrustuflóa eru miklar mógrafrir og er ljóst að mikið magn eldsneytis hefur verið stungið þar. Í skólaskýrslum frá árunum 1880-1905 er sum árin tilgreint hversu mikið hafi verið skorið af mó eða hversu mörg dagsverk fóru í þá vinnu ár hvert. Fyrstu árin þegar dagsverk voru tilgreind fóru á bilinu 42 til 58 dagsverk í móskurð. Á starfsárinu 1886-1887 voru skorin 10.000 teningsfet af blautum mó, sem gerði um 4.800 teningsfet af þurrum mó. Níunda starfsárið fóru 102 dagsverk í móskurð, þurrun og samantekt hans. Magnið var 1450 kerruhlöss, hvert um 10 teningsfet. Eftir því sem á leið minnkaði það magn sem var skorið á hverju ári. Starfsárið 1891-1892 voru skorin 350 kerruhlöss af þurrum mó, 300 kerruhlöss árið eftir og 220-260 kerruhlöss árin þar á eftir (JJJ 1986). Því er ljóst að heildarrúmmál þess mós sem skorinn var, hefur verið mikið og stór svæði hafa verið tekin undir, jafnvel þótt hægt hafi verið að taka nokkrar stungur niður á sumum svæðum.

Við athugun á staðnum voru nokkrar þessara mógrafrar sérstaklega skoðaðar. Punktur 6 er í brún á suðurhorni svæðis sem virðist vera all stór mógröf. Um 10 m sunnan við hleðslu sem er í punkt 4 hefur að öllum líkindum verið mógröf. Gróðurfar bendir til þess. Sunnan við punkt 7 eru einnig fleiri mógrafrir.

## d) Flóðgarðar

Á engjum innan við túnið í Ólafsdal, inn með Hvarfdalsá eru allnokkrar framkvæmdir, þar sem hlaðnir hafa verið flóðgarðar, þar sem vatni hefur verið veitt á engjar og/eða til að varna því að vatn flæddi yfir á ákveðnum tínum árs.

## e) Veggir og hleðslur í Orrustuflóa

Nokkuð er um veggi, hleðslur og vörlugarða í Orrustuflóa og inn með Hvarfdalsá. Við Orrustuholt er einhvers konar fyrirhleðsla sem liggur þvert við lækjarskorning sem þar er (punktur 4). Í myrinni sunnan þessarar hleðslu er jarðfall.

Neðan við Orustuholt í punkti 5 er lágur veggur eða garður, sem orðinn er ógreinilegur, en örlítil vatnsrás er sunnan við vegginn. Í punkti 7 beygir þessi veggur til vesturs og rennur lækur þar meðfram honum. Hugsanlega er þarna um að ræða skurð og garðurinn sé uppmokstur úr honum, sem gegnir jafnframt því hlutverki að hafa stjórn á vatninu.

Hjá barði á áreyrum er tóft (punktur 8) sem er töluvert mannvirki. Þetta er útgrafen tóft úr grjóti og torfi, opin til vesturs. Innanmál hennar er um 13 m á lengd og 3,5 m á breidd. Í framhaldi af þessari tóft liggur vörlugarður, hlaðinn úr torfi og grjóti. Punktur 8b er í suðvesturhorn hans, við læk, innan við aðhaldið. Hugsanlega er þessi vörlugarður tengdur tóftinni. Óvist er hvaða not hafa verið af henni en garður hjá tóftinni bendir ekki til mikilla tengsla við búfjárhald.

Á eyri við ána eru nokkrar grjóthrúgur og er ein þeirra í punkti 9. Líklega er þarna um að ræða safngrjót sem mátti nýta í vörslugarða.

Í punkti 10 er suðurhorn garðs, sem sennilega er torfveggur. Hugsanlega er um flóðveitugarð að ræða, þótt ekki sé það að fullu ljóst. Við garðinn að norðaustan er skurður sem endar við garðinn.

## **Belgsdalur**

Í starfsskýrslu skólans fyrir níunda árið, 1888-1889, er eftirfarandi lýsing á framkvæmdum á Belgsalsengjum (JJJ, 1986; bls. 174). „*Engjarækt*: Gjörður aðfærsluskurður í Ólafsdal með ákveðnum halla 230 faðma langur, 2 ½ fet á breidd, 1 ½ fet á dýpt. Lagaðir aðfærsluskurðir, flóðgarðar og framræsluskurðir í Belgsalsengjum, hreinsuð möl og sandur af sömu engjum, hirt um vatnaveitingar og fleira, 104 dagsverk.“

Þessar minjar hafa ekki verið rannsakaðar í tengslum við þetta verkefni.

## Niðurlag

Frumskráning jarðræktarminja í Ólafsdal sýnir að þær eru mjög margar og umfangsmiklar. Án efa eru þær langflestar frá tíma Búnaðarskóla Torfa Bjarnasonar. Torfi lagði með fræðslu sinni mikla áherslu á hinn verklega þátt, að kenna hvernig bæta mætti nytjaland og auka afrakstur þess með vörslu, áveitum og annari vatnsmiðun, sléttun og áburði. Með 6-10 ársnemendum var til staðar mikil vinnafl sem einnig þurfti að skapa verðug viðfangsefni dag hvern. Því var einnig hægt að leggja í umfangsmikil ræktunarverkefni á Ólafsdalsjörðinni og vanda til þeirra í samræmi við kennisetningar ræktunarfræða þeirra tíma. Skólinn mótaði þannig ræktunarmenn sem miðluðu verkþekkingunni til annarra héraða.

Í Ólafsdal hafa ræktunarminjar frá tímum búnaðarskólans varðveist óvenju vel. Kemur þar tvennt til. Annars vegar mikil og vönduð vinnubrögð við ræktun og aðrar jarðabætur. Hins vegar er að búskapur á seinni hluta 20. aldar hefur verið lítt og því hefur ekki nema hluta þeirra minja sem eru á svæðinu, verið raskað af seinni tíma búskap. Þarna er því mjög heilleg og raunar einstök heildarmynd af því ræktunarlandslagi sem mótaðist á fyrstu árum búnaðarskólans, er varð fyrstur í röð íslensku búnaðarskólanna fjögurra.<sup>5</sup>

## Framkvæmdir og árangur þeirra

Í Skólabók Ólafsdalsskólans kemur fram hvert umfang framkvæmda var flest árin. Játvarður Jökull Júlíusson tók saman upplýsingar um þær og birti í bók sinni.<sup>6</sup> Samtölur þeirra eru birtar í eftirfarandi töflu, en forvitnilegt gæti verið að kanna skjalasafn Torfa og Ólafsdalsskólans sem og búnaðarskýrslur frá starfsárum skólans nánar með tilliti til ræktunarframkvæmdanna í Ólafsdal:

**Tafla 1: Gerð og umfang ræktunarframkvæmda í Ólafsdal**

Gerð framkvæmda	Lengd / stærð	Fjöldi dagsverka
Torfgarðar	680 faðmar	
Einhlaðnir grjótgarðar	379 faðmar	
Tvhlaðnir grjótgarðar	550 faðmar	
Flóðgarðar	2930 faðmar	
Aðrir garðar	1147 faðmar	
Sléttun lands	37370 ferfaðmar	558 dagsverk
Framræsla og vatnaveitingar	5324 faðmar	592 dagsverk
Girðingar	612 faðmar gaddavír	255 dagsverk

Sú mikla vinna sem lögð var í jarðabætur og ræktun skilaði sér á fáum árum í mun meiri heyfeng. Árið 1887 voru heyjaðir um 1600 hestburðir en að sjö til níu árum liðnum (1894-1896) heyjuðust 2000-2100 hestburðir, eða 400-500 hestburðum meira en 1887. Að öllum líkendum er ástæðan stærra og betra tún, stærri flóðveita í Belgsdal en einnig skiptir máli að tíðarfari batnaði og voru því betri grasár þegar leið á (JJJ ; bls. 228-230).

<sup>5</sup> Bjarni Guðmundsson: *Jarðræktarminjar í Ólafsdal*. Fjörlitað handrit 2009, 5 bls.

<sup>6</sup> JJJ bls. 156-188

## Ástand og umhirða

Fyrir liggur skýr mynd af ræktunarháttum og framkvæmdum vegna landnýtingar í Ólafsdal á búnaðarskólatímanum. Tvennt þarf að gera:

- Að halda hlífiskildi yfir þeim minjum sem þar er að finna, eru sjáanlegar og hafa verið skráðar.
- Að eyða af mikilli varúð seinni tíma framkvæmdum sem spilla hinum eldri minjum.

Varðandi a-lið er ljóst eð ekki er hægt nema að litlu leyti að koma við þeirri verkhirðu er best hirti minjarnar, einkum beðasléturnar, svo sem slætti. Hófleg og skipuleg búfjárbeit hjálpar hins vegar til við að halda beðasléttum, tóftum og görðum vel sýnilegum. Ágengar og framandi jurtategundir sem og tilviljanakennd trjáplöntun gætu valdið miklum skaða á minjunum. Einnig þarf að hugsa um túnið í heild. Núna er hluti túnsins girtur af og breytir það fljótt ásýnd heildarinnar. Nauðsynlegt er að fjarlægja þá girðingu sem klýfur heildarmynd svæðisins og ef eitthvað þarf að girða af, þá verði það túnið í heild, en ekki aðeins hluti þess. Einnig ber að varast að gera nýja vegi eða slóða, til að þeir ásamt girðingum ógni ekki minjaheildinni.

Varðandi b-lið þarf að vinna að því að fjarlægja þær framkvæmdir sem eru seinni tíma, til að eldri framkvæmdir fái notið sín og heildarsvipurinn haldist. Þar er helst að nefna skurð sem grafinn var niður frá Flóðveitugarði og raskaði þar með Flóðveitulæk sem þar var, og fjallað er um hér að framan í kafla um hugsanlega vatnsmiðlun. Með þessari framkvæmd má betur átta sig á því hlutverki sem Flóðveitugarðurinn og Flóðveitan hafði á fyrstu árum 20. aldar, hvernig þau virkuðu, samspili þeirra, bæði til áveitu og þurkunar landsins, og til hvers ráðist var í gerð þeirra.

Svo við verkin verði ráðið er skynsamlegt að flokka þau verk undir a- og b-liðum sem vinna þarf og að forgangsraða þeim eftir mikilvægi og í ljósi fjármuna og framkvæmdagetu sem til staðar verður.

Þá er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem Ólafsdalsfélagið hefur markað um skipulega umhverfisfræðslu í Ólafsdal. Fræðslustígur félagsins og bæklingur um hann<sup>7</sup> er afskaplega mikilvægur liður í þeirri fræðslu. Ræktunarminjaskráningin, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, á að geta bætt þar nokkru við og auðveldað gestum staðarins að fræðast um upphaf nútíma tún- og engjaræktunar hérlendis.

Loks er það að minjaheildin í Ólafsdal sem segja má að sé einstök bæði að gerð og stærð. Hún endurspeglar þann umbótahug og þá verkhætti sem forystumenn þjóðarinnar vildu kynna og kenna i aðdraganda heimastjórnar. Ólafsdalur er afar mikilvægur vettvangur til frekari rannsókna á íslenskri búnaðar- og atvinnusögu. Með hliðsjón af þessu öllu er mikilvægt að varðveita þann vettvang sem best og að spilla honum ekki með tilviljanakenndum aðgerðum.

<sup>7</sup> Arnar Guðmundsson: *Fræðslustígur um Ólafsdal*. 2012. 4 bls.

## **Heimildaskrá:**

Arnar Guðmundsson: *Fræðslustígur um Ólafsdal.* (2012)

Arnar Guðmundsson: Tölvupóstur 15. apríl 2016.

Birna Lárusdóttir: Mannvist – Sýnisbók íslenskra fornleifa. Reykjavík, Bókaútgáfan Opna, (2011), 470 bls.

Bjarni Guðmundsson: „Eigi er laut utan leiti sé – Rannsókn á beðasléttum“ Óbirt handrit 2016.

Bjarni Guðmundsson: Jarðræktarminjar í Ólafsdal. Fjörlitað handrit 2009, 5 bls.

Játvarður Jökull Júlíusson: *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla.* Reykjavík, Búnaðarfélag Íslands, (1986), 290 bls.

Torfi Bjarnason: Andvari X, 1884, 121-147.

## **Myndaskrá:**

Mynd 1: Ólafsdalur. Ljósmynd tekin árið 1905. Heimild: Jón Guðmundsson / Ljósmyndasafn Íslands.

Mynd 2: Byggingar, vatnsveita og tún í Ólafsdal 1905. Heimild: Jón Guðmundsson / Ljósmyndasafn Íslands; Arnar Guðmundsson, 2012.

Mynd 3: Örnefni á heimatúni í Ólafsdal. Heimild: Landmótun (2016).

Mynd 4: Ólafsdalur, nyrðri hluti. Númer punkta merkt inn á loftmynd. Heimild: Landmótun (2016).

Mynd 5: Ólafsdalur, syðri hluti. Númer punkta merkt inn á loftmynd. Heimild: Landmótun (2016).

## **Viðauki 1:**

Listi yfir punkta sem mældir voru í athugun Ragnhildar Helgu Jónsdóttur og Bjarna Guðmundssonar í Ólafsdal. Vísað er til þessara punkta í umfjöllun hér að framan.

Að neðan er jafnframt loftmyndir sem sýna staðsetningu þessara punkta á myndum.

1. Tóft, suðurhorn. N: 65.25.033, V: 21.44.519  
Tvær tóftir, vestari hluti tvískiptur. Fjárhústóft vestar, tvistæðingur. Hlaða að sunnanverðu, í miðju. Syðri hluti eldri. Þetta er samfelld tóftaröð.
2. Túngarður með skurði að sunnanverðu. Endi við hlið N: 65.25.040, V: 21.44.221  
Skurður hverfur til suðvesturs en garður heldur áfram.
3. Kví (?) og náthagi. Suðurhorn N: 65.25.043, V: 21.44.151  
Grjótnátthagi. Einhvers konar aðhald í SV-horni.  
Innanmál: 3,30 m X 18,3 m.  
Veggur hlíðarmeginn: úpp 1 metri á hæð þar sem er hæstur, 1,30m á breidd, torfhlaðinn að ofan. Hinn hlutinn er grjóthlaðinn, hleðsla bæði heilleg og skýr.  
Óverulegur munur á gróðri innan og utan.
4. Fyrirhleðsla við Orustuholt  
Einhvers konar fyrirhleðsla, þvert við lækjarskorning. Jarðfall í mýri sunnan við. Hugsanlega mógröf 10 metra sunnan við þessa hleðslu. Aðeins annar gróður.
5. Lágur veggur/garður. N: 65.24.822, V: 21.44.047  
Neðan við Orustuholt. Liggur í vinkil, er ógreinilegur. Örlítill vatnsrás sunnan við vegginn.
6. Mógrafrir Suðurhorn N: 65.24.835, V: 21.44.097  
Svæði sem virðist vera mógröf. Sýnist vera brún á all stórri mógröf.
7. Veggur (sami og 5) Næsta horn N: 65.24.827, V: 21.44.110  
Næsta horn á vegg nr. 5 beygir til vesturs, lækur er meðfram garði (vegg). Etv. gerður skurður, garður sé uppmokstur úr skurði. Garður til að hafa stjórn á vatninu.
- 7b. Fleiri mógrafrir sunnan við læk. Norðausturhorn. N: 65.24.826, V: 21.44.153.
8. Tóft N: 65.24.828, V: 21.44.229  
Nálægt barði við áreyrar.  
13 m á lengd, 3,50 m á breidd (innanmál).  
Útgrafin tóft úr grjóti og torfi.  
Opið upp í vestri. Óvist hvaða nytjar.  
Garður bendir ekki til mikilla búfjárnata. Hlaðnir veggir, grjót og torf. Töluvert mannvirki.

8b. Vörlugarður Suðvesturhorn, við læk (innan við aðhaldið) N: 65.24.806, V: 21.44.240  
Í framhaldi af tóft nr. 8, hugsanlega tengdur þeirri tóft

9. Grjóthrúgur N: 65.24.807, V: 21.44.185  
Ein af nokkrum grjóthrúgum á eyri með ánni. Líklega safngrjót í vörlugarða. Innan (framan) við vörlugarð í nr. 8b.

10. Garður. Suðurhorn á honum. N: 65.24.880, V: 21.44.396  
Sennilega torfveggur, etv. Flóðveitugarður.  
Við garðinn að norðaustan er skurður sem endar við garðinn.

11. Upptök N: 65.24.889, V: 21.44.475  
Þar sem skurður sem hluti ár er tekinn til að knýja vélar, að öllum líkindum. Lækur rennur með barðinu og grafið í gegn, aðeins inn í graslendið.  
Mjög skýr skurður, allt að 1,5 m að dýpt miðað við umhverfi. Uppgröftur til beggja handa allt að 5 m til hvorras handar sem hent var út.  
Vélalækur rennur í skurðinn.  
Gamlí lækjarfarvegurinn notaður næst vélum, en hlaðið að til að halda vatninu.

12. Vélahús N: 65.24.928, V: 21.44.660  
Suðausturhorn hússins, út að ánni, fjær því horni þar sem hjól hefur verið.

13. Skurður úr Vélalæk N: 65.24.936, V: 21.44.554  
Liggur í Tóvinnuhús.

14. Túngegarður (á móti nr. 2) N. 65.24.967, V: 21.44.608  
Horn á túngegarði sem er einnig í punkti nr. 2.  
Garður brattur að utan en aflíðandi inn til að nýta gróður en verjast ágangi að utan.

15. Horn á tóft N. 65.25.021, V: 21.44.645  
Hlaðin gryja (vestari hlutinn)  
Suðaustan við er þetta tvískipt tóft eða tvistætt fjárhús.  
Gryfja 2,9 m breidd x 7,10 m á lengd. Veggir 1,8 m á dýpt amk. Á þrjá kanta hefur verið slett steypu í hreina grjóthleðslu.  
Líklega votheysgryfja.  
Við þessa tóft beygir túngegarður niður á eyrina.

16. Horn á byggingu, suðvesturhorn. N. 65.25.085, V. 21.44.693  
Steypt. Sennilega húsgrunnur, seinni tíma bygging.

17. Upptök Bæjarlækjar N. 65.25.134, V. 21.44.423  
Hlaðið hefur verið um uppsprettuna að vestanverðu. Þar vestur úr kemur annar skurður, líklega handgrafinn.

18. Beðasléttur vestan við upptök Bæjarlækjar.  
 5,60 m á breidd. Þurrlendi/valllendi.  
 Eru enn skýrar og greinilegar.
19. Lækur fer yfir bleytur N. 65.25.112, V. 21.44.705  
 Lækjarfarvegur farinn að gróa örlítið til. Hér mætti huga að viðhaldi.
20. Horn neðan við núverandi girðingarhorn. N. 65.25.125, V. 21.44.770  
 Hleðsla utan í bakkanum, grjótveggur og torfveggur.  
 Líklega einhver túngarður, óreglulegur.  
 Hverfur vestur úr á „árdalsbrún“.
21. Skurður meðfram fjósi N. 65.25.122, V. 21.44.734  
 Skurður sem kemur meðfram fjósi, til hliðar við Bæjarlæk.
22. Tröðin frá skólahúsinu til fjalls. N. 65.25.174, V. 21.44.698  
 Punktur við lækinn. Vagntröð, 3,60 m á breidd, um 50-60 cm á hæð ennþá.  
 Mjög skýr enn og greinileg.  
 Grjóthleðsla sést að hluta, kantur úr stórgryti.
23. Endi traðar N. 65.25.169, V. 21.44.605  
 Áætlaður endi traðarinnar, þar sem hún hverfur í garðinn sem þarna er.  
 Þessi punktur er líklega suðaustur horn á garðinum.
24. Túngarður N. 65.25.176, V. 21.44.873  
 Endi garðs sem var við hitt túnhornið (punktur nr. 20). Garðurinn hverfur hér.
25. Garður í túninu N. 65.25.282, V. 21.44.594  
 Hugsanlega vörlugarður, líklega eingöngu úr torfi.
26. Beygja á skurði N. 65.25.269, V. 21.44.577  
 Hugsanlega hefur skurður niður úr tveimur skurðum með hlíð verið hér.  
 Vélgrafinn skurður til suðvestur endar í jarðfalli/læk, bendir til að hér hafi verið lækjarfarvegur.
27. Mógrafir? Suðaustasta horn a' henni N. 65.25.312, V. 21.44.554  
 Hugsanlega mógrafir, 2x2 m á stærð. Nokkrar á þessu svæði.  
 Eru á flata, djúpur jarðvegur, sýnist vera mór.  
 Ekki ljóst hvað þetta er, hnédjúpt og rúmlega það þar sem dýpst er. Reglulega skorið.
28. Kví, norðaustur horn N. 65.25.446, V. 21.44.634  
 Næst firðinum, innan grjóthleðslu, opin til suðurs/suðvesturs.  
 3,90 m breidd x 14,80 m lengd, innanmál.  
 Grjót og torf.

29. Endi garðs í miðju nátthaga N. 65.25.432, V. 21.44.613  
 Verulega efnismikill, jafnhlaðinn.  
 Veggar eru mjög grjótbornar.  
 Garður er að vestri torfhlaðinn að einhverjum hluta, næst fjallinu. Drýgt grjótið með torfi.
30. Horn á nátthaga og túngirðingu N. 65.25.442, V. 21.44.681  
 Ofan horns er uppb 3x meira grjót í nátthagagirðingu en túngirðingu, 1,60 m á breidd í nátthaga, hæð núna 70-80 cm.
- Í miðjum nátthaga er veggur. Það er spurning hvort sá veggur hafi verið til að skipta nátthagaum og geta þannig hvílt annan hluta hans.
31. Efst á garði N. 65.25.425, V. 21.44.682  
 Bland af torfi og grjóti. Garðurinn er gamall að því er virðist.
- Neðan við nátthaga (við punkt 31) er garður og þar skiptir úr grjóti í eingöngu torf.
32. Horn uppi til norðausturs N. 65.25.412, V. 21.44.673  
 Ræktaður reitur með beðasléttum.  
 Breidd beða er þessi, talin frá vesturs: 5,10m, 4,50m, 4,80m, 4,40m, 4,50m, 4,70m og 4,40m sú sem er austust.  
 Veggirnir utan um reitinn eru nær eingöngu úr torfi.  
 Garður er brattur að utan.  
 Hlið á garði er í suðausturhorni og garður heldur áfram til suðurs austan hliðs.
33. Horn á vegg N. 65.25.369, V. 21.44.688  
 Brot af vegg sem er hér.  
 Líklega bara úr torfi. Mjög gamall, þar sem hann er vaxinn mosa.  
 Veggjarbrot er ótentg í báðar áttir.  
 Vinkill út úr vegg til austurs, af ótilgreindum ástæðum. Stærðin er 2,5x2,5 m.
- Svo virðist sem menn hafi leitað að mó víða um heimahagana.
34. Horn á lítilli rennu N. 65.25.313, V. 21.44.759  
 Renna sem er neðan við beðasléttur  
 Breidd beða er 5,70m, 4,90m og 5,20m.  
 Neðan við rennu eru beðasléttur og þar eru rennur milli beða dýpri.  
 Beðin ofa og neðan rennu standast ekki á.
35. Horn við lænu niður N. 65.25.297, V. 21.44.763  
 Læna sem rennur niður úr rennu milli beðasléttanna (sem horn nr. 34 er á).  
 Vatn úr rennu neðan efri beða er leitt hér niður.  
 Beð vestan við lænu, ekki næst en vestar eru 7,40m, 4,30m og 4,70m. Greinilega hærri beð neðan rennu en ofan.

36. Steintröð, túnspilda

Beðasléttur sem eru 4,50m, 4,40m, 5,00m og 5,30m talið frá vestri.

37. Veggur niður að vegi.

Túngarður

Torfgarður sem tekur við af grjótgarði við nátthagann. Það hefur verið klippt af veggnum við vegagerðina.

Fyrir neðan veg / Eyrar

38. Horn á grjóthleðslu

N. 65.25.355, V. 21.45.475

Veggur er 1,35m á breidd, 60-70cm á hæð núna.

Grjót úr ánni sem hefur verið notað.

Væntanlega ræktað land innan garðs.

Í miðju spildunnar eru fjárhús.

39. Horn á garðinum

N. 65.25.404, V. 21.45.545

Garður hærri, hefur haldist betur.

Er svipað breiður og nr. 38. Hugsanlega er aldursmunur á görðunum.

40. Endi á garði

N. 65.25.412, V. 21.45.635

Við rafmagnslínu

Garður hefur verið ruddur í framhaldinu, neðsta steinaröðin (ræturnar) eru hér áfram.

Vestan við garðsendann er grjót á við og dreif, svipaðrar gerðar og í garðinum.

41. Horn við sjó

N. 65.25.424, V. 21.45.763

Mætast torfgarður, grjótgarður og vírgirðing. Þrennar gerðir girðinga.

Til vesturs er torfveggur að mestu, hugsanlega grjót (að punkti 42).

Grjótgarður í átt að á er ca 10 m.

Veggur með sjó til suðurs er að mestu úr torfi

42. Horn á torfgarði við sjó

N. 65.25.481, V 21.45.736

43. Garðsendi

N. 65.25.482, V. 21.45.684

44. Horn á rennu neðan við beðasléttur

N. 65.25.388, V. 21.45.723

Renna við horn er deig og blotnar svo þegar kemur nær sjó.

Beð á báðar hendur. Næst horn er breiddin 4,0m, 5,4m, 5,80m, 5,40m, 5,40m og 6,10m.


Neðan rennu eru beðin 5,70m, 6,20m, 5,60m og 5,80m. Þetta síðasta er af fullri lengd, er sunnan við skurðenda.

45. Endi beða


N. 65.25.359, V. 21.45.724

Beð halda áfram til suðurs, sunnan við rennu sem endar í punkti 45.

46. Tóft á eyrum, suðvesturhorn.  
 Sjá heimildir. Beitarhús, fjárhús.  
 12,60m á lengd, 4,00m á breidd, innanmál.  
 Þverveggur austast.  
 Lágir veggir úr grjóti og torfi.
- N. 65.25.341, V. 21.45.645
47. Endi beðasléttu  
 Beðasléttur virðast enda í þessum punkti. Lína fyrir ofan beðasléttur  
 N. 65.25.379, V. 21.45.637
48. Lína meðfram grjótgarði neðan við veg.  
 Minniháttar upphækkun, hvort sem er vegur eða vegslóði. Líklegast vegur, 1 hestabreidd,  
 ekki kerrubreiður.
- Grjótveggur er þar í 120 til 125 cm hæð, virðist full hæð þar á köflum.
49. Beygja á vegi  
 Þar sem vegur beygir innan við grjótgarð, nálægt horni í byrjun (punkt 38).  
 N. 65.25.351, V. 21.45.501
50. Forn vegur endar við slóða niður á eyrar  
 Vegur endar við slóða niður á eyrar, rétt út fyrir grjótgarð hnit: N. 65.25.354, V. 21.45.458.  
 N. 65.25.354, V. 21.45.458



Mynd 4: Ólafsdalur, nyrðri hluti. Númer punkta merkt inn á loftmynd (Landmótun 2016).



Mynd 5: Ólafsdalur, syðri hluti. Númer punkta merkt inn á loftmynd (Landmótun 2016).

## **Viðauki 2:**

Skólareglur, lagðar fram í amtsráði 12.-13. júlí 1880. Þar segir um verklega kennslu: ( JJJ ; bls.143-144)

12. gr.

Hin verklega kennsla, sem fram fer bæði sumar og vetur, skal einkum vera fógin í eftirfarandi atriðum:

- a. *Að brúka plóg, herfi, hestareku og önnur þau áhöld, sem þarf við búfnasléttun og að beita hestum fyrir þessu.* Skulu piltarnir venjast við að plægja bæði þúfur og sléttlendi. Þeir skulu vinna að þúfnasléttun ekki minna en svari 3 vikum á ári, og á ári hverju skulu þeir einnig plægja nokkuð af sléttlendi.
- b. *Vatnaveitingum.* Kennarinn skal venja piltana við að gjöra seitlrennur, skurði og stíflugarða til vatnsveitinga. Þar að auki skal hann láta piltana á víxl gæta þeirra vatnsveitinga, er hann hefir, eftir þeim reglum er hann álítur bestar. Einnig skal hann kenna þeim hallamælingar, svo að þeir geti lagt láréttar rennur, skurði með ákveðnum halla og fundið réttan hæðarmun á löngum og ósléttum vegi.
- c. *Að burrka upp votlendi.* Skal kennarinn láta piltana skera fram einhvern blett á hverju ári, og kenna þeim bæði að leggja skurðina haganlega og gjöra þá rétt, skulu piltarnir árlega gjöra nokkuð af malarræsum.
- d. *Matjurtarækt.* Í því skyni skal kennarinn hafa matjurtagarð ekki minni en 200 fer-faðma, og rækta í honum bæði jarðepli og rófnategundir. Skal hann láta piltana vinna alla garðvinnu, en hafa stöðugt eftirlit með þeim.
- e. *Ræktun sáðjurta til fóðurs.* Þess vegna skal kennarinn árlega gjöra tilraun með að sá einni eða fleiri útlendum jurtum, er hafa megi til fóðurs, svo að piltarnir kynnist aðferðinni við ræktun þeirra og sjái hvernig þær þrifast. Einnig skal hann á ári hverju gjöra tilraun með að sá grasfræi frá öðrum löndum, af þeim grastegundum sem hér á landi vaxa.
- f. *Að fara rétt með allskonar áburð, sem til fellur á heimilinu.* Skal kennarinn láta gjöra nógar safngrafrir fyrir allan áburðarlög og kenna piltum að brúka hann haganlega, svo og drýgja og auka áburðinn og hagtæra honum sem best.
- g. *Að gjöra girðingar, einkum af grjóti.* Því skulu piltarnir hlaða nokkuð af grjótgarði árlega.
- h. *Að sprengja grjót með púðri og fleigum.*
- i. *Við heyskapinn* skal kennarinn venja piltana við vandvirkni í öllu og kenna þeim rétta aðferð og rétt handtök, ef þeir kunna ekki áður, og kenna þeim að brúka þau áhöld við heyskapinn, er hann álítur best vera og eiga best við hjá oss. Venja skal piltana við verkstjórn við heyvinnuna eftir því sem við verður komið.
- j. *Aðstoð við smíðar.* Kennarinn smíðar, eða lætur smíða á heimilinu sem flest af þeim verkfærum. Er hann þarf á að halda til jarðyrkjunnar, og skulu lærisveinarnir hjálpa til smíðanna til skiptis, svo að þeir fái hugmynd um hvernig verkfærin eru gjörð og geti á eftir að minnsta kosti sagt fyrir um gjörð á þeim.
- k. *Landmælingar.* Kenna skal piltunum að mæla landsbletti og draga þá upp á pappír í réttri mynd.

## Viðauki 3

Torfi Bjarnason skólastjóri hélt skýrslu fyrir hvert starfsár, þar sem tiltekin eru þau verk sem unnin voru ár hvert. Í sumum tilfellum er þess getið hvar viðkomandi verk var unnið og hjálpar það til við greiningu á þeim búskaparminjum sem þarna eru. En einnig tilgreinir hann hversu umfangsmiklar framkvæmdir voru á hverju ári, ýmist í lengd, flatarmáli eða rúmmáli. Gefur það til kynna hversu viðamikil þessi verkefni voru. Hér á eftir er byggt á bók Játvarðs Jökuls Júlíussonar<sup>8</sup> og vísa tölur í svigum til heimildarstaðar í henni (bls.):

Fyrsta árið (1880-1881) var eftirfarandi lýsing (bls. 157):

„Piltarnir brutu upp og undirbjuggu til matjurtaræktar 150 ferfaðma af gömlum rústum og móum og girtu blett þennan með torfgarði á two vegi en vírgirðingu á two vegi. Garðurinn varð síðbúinn til sáningar. Þó voru jarðepli sett niður í þriðjunginn en sáð til rófna í two þriðju parta.... Nátthagi rúmlega 3 dagsláttur að stærð var girtur með 25 föðnum af torfgarði, 50 föðnum af einhlöðnum grjótgarði og að öðru leyti með járnvísgirðingu. Einnig var honum skipt í tvennt með vírgirðingu. Við annan nátthaga gjörðu piltar 16 faðma af tvíhlöðnum grjótgarði. Allt grjót færðu piltar að um leið. Við þúfnasléttun unnu piltar rúma viku. Sléttuðu þeir til fulls 500 ferfaðma... Hálbum mánuði fyrir réttir tóku piltar til að skera fram stóran flóa og voru við það fram um réttir, gjörðu þeir þar meira en 300 faðma af framræsluskurðum og köstuðu saman nokkru af rofinu. Eftir réttirnar óku piltar taði á völl, tóku svo til þúfna sléttunar og ristu ofan af hér um bil 700 ferföðnum og plægðu mikið af því.“

Annað árið, 1881-1882 (bls. 160-). Dagsverkatal við heyskap, jarðrækt og móskurð:

„Að þúfnasléttun og plægingum til sáðjurtaræktunar:	183 dagsverk
Að framskurðum og vatnaveitingum:	199 dagsverk
Að girðingu af grjóti og torfi og að grjótflutn.:	155 dagsverk
Að garðrækt 25, áburðarmeðferð 32:	57 dagsverk
Að móskurði og móvinnu:	58 dagsverk
Að heyskap unnu piltar alls:	387 dagsverk“

„Eftir sláttinn var gjörður nokkur undirbúningur til flóðveitu á Belgsdalsengjum, en varð ekki komið svo áleiðis að áveitan byrjaði.“

Þriðja árið 1882-1883 (bls. 163). Dagsverkatal við jarðrækt og móskurð: 1237 dagsverk nemenda. „Til að heyja fóru flest 324. Til að sléttu og plægja 205.... Vinna við áburð var 71 dagsverk og við framræslu og vatnaveitingar 64, við móskurðinn 44, girðingar 40.“

Fjórða skólaárið, 1883-1884 (bls. 164). „Nokkuð meiri tíma var nú varið til heyvinnu enn fyrr hafði verið gjört. Það voru 509 dagsverk.“ Litlum tíma var varið til jarðræktar.

Fimmta skólaárið, 1884-1885 (bls. 165). „Að vorinu voru alls plægt 2450 ferfaðmar, um haustið 1050.“ Dagsverkatal: Alls 1411 dagsverk. „Heyvinna 350, framræsla og vatnaveitingar 225... plægingar og þúfnasléttun 170, við vegabætur 76... girðingar 60... móskurð 42... áburðarmeðferð 37 og garðrækt 35 dagsverk.“

<sup>8</sup> Játvarður Jökull Júlíusson: *Torfi Bjarnason og Ólafsdalsskólinn*, (1986).

Sjötta árið, 1885-1886 (bls. 167). „Alls plægt 3125 ferfaðmar, af því tvíplægt 550 ff. Af þessu var þakið 1030 ff., en í rúma 2000 ff. var sáð höfrum og sinnepi til slægna og í nokkuð var sáð rófum og jarðeplum.“ „2. *Hlaðinn flóðgarður* 112 faðma langur, mestallur 3-3 ½ fet á hæð og 6-8 feta þykkt. Aðrir flóðgarðar 90 faðma langir 1 ½ -2 fet á hæð og 3-4 fet á þykkt. 3. *Gjörðar girðingar*. Túngegarður 90 faðma, 3 feta hár, grjót utan, jörð innan. Traðar- og túngegarður 80 faðma langur, 4 feta hár, að nokkru úr grjóti, en að sumu úr hnausum. Grjótgarður 114 faðma langur, tvíhlaðinn 4 feta hár. Vagnbrautir vegna móflutninga og annarra flutninga, 5 álna breiðar. Rudd 100 faðma löng og 100 faðma löng hlaðin upp annars vegar.“

Sjöunda árið, 1886-1887 (bls. 169): „1. *Plægt* alls 4450 ff. Af því var þakið 1300 ff., en í 2150 ff. var sáð höfrum og sinnepi til slægna. Í 200 ff. var sáð til rófna. ... 2. *Hlaðnir flóðgarðar* á Belgsdalsengjum 1202 faðmar á lengd, alls 44.420 teningsfet. 3. *Gjörður skurður* til framræslu, 320 faðma, 6 feta breiður að ofan. 4. *Skorinn brennslumór* 10.000 teningsfet af blautum mó sem dugði til eldsneytis fyrir árið. Urðu það hér um bil 4.800 teningsfet af þurrum mó eða yfir 1000 tunnur. „

Áttunda árið, 1887-1888 (bls. 173). „1. *Að jarðabótum*: Gjörðar girðingar af grjóti og torfi 630 faðmar. Grafnir skurðir til framræslu, 4-8 feta breiðir, 2-3 feta djúpir, alls 2240 faðmar. Sléttan í túni, sem mest allt hefir verið látið liggja opið 1 eða 2 ár, 12350 ferhrynningsfaðmar. Sáð höfrum, byggi, sinnepi og fleiri jurtum til slægna í alls 7500 ferh. faðma. Hlaðnir flóðgarðar á engjum 2-3 fet á hæð og 4-6 fet á þykkt, 1430 faðmar. Gjörðir vagnvegir á heimilinu ... 320 faðmar. Ræktaðir matjurtagarðar árlega 250 ferh. faðmar.“

Níunda árið, 1888-1889 (bls. 174): „*Engjarækt*: Gjörður aðfærsluskurður í Ólafsdal með ákveðnum halla 230 faðma langur, 2½ fet á breidd, 1½ fet á dýpt. Lagaðir aðfærsluskurðir, flóðgarðar og framræsluskurðir á Belgsdalsengjum, hreinsuð möl og sandur af sömu engjum, hirt um vatnaveitingar og fleira 104 dagsverk.

*Púfnasléttun og plægingar*: (þar með talið að gjöra skurð í túninu 52 faðma langan, 2-5 feta breiðan og 1 og hálfs til 3 ja feta djúpan 16 dagsverk). Sléttan var að öllu leyti 1808 ferhrynningsfaðmar og unnið til sáðræktar og sáð höfrum og sinnepi til slægna í alls 2150 ferh. faðma.

*Móskurður* og að koma mónum saman þurrum og að þekja hann. Mórinn var 1450 kerruhlöss útfluttur, hvert hér um bil 10 teningsfet 102 dagsverk.

*Grjótvinna*: Að draga heim grjót til húsagjörðar, draga grjót í og hlaða túngegarð 40 faðma langa, 1 og hálfa alin á hæð, tvíhlaðinn 28,5 dagsverk.“

Tíunda árið, 1889-1890 (bls. 177). „*Sléttan* að öllu leyti, 1970 ferhrynningsfaðmar. *Plægt, undirbúið og sáð höfrum og sinnepi* í 1060 ferh. faðma....*Vörslugarður* úr torfi, gripheldur, 45 faðma langur....*Skurðir*, aðeins aðgjörðir á eldri skurðum til framræslu og vatnaveitinga.“

Ellefta árið, 1890-1891 (bls. 177). „*Sléttan* í túni: 1025 ferh. faðmar. *Grafnir skurðir* til afveislu og áveitu, 670 faðmar = 6614 ten.fet. *Hlaðnir flóðgarðar* og fyrirstöðugarðar við áveitu, 96 faðma = 1735 teningsfet.“

Tólfta árið, 1891-1892 (bls. 178). „*Skorinn móð*: 350 kerruhlöss af þurrum mó. ... *Sléttan* í túni: 1270 ferh. faðmar á Skildi, Lindarvelli og á Traðarvelli. *Grafnir skurðir* til framræslu á Skildi og á Lindarvelli, 70 faðma langir, 1896 teningsfet. *Hlaðinn túngegarður* úr torfi (fyrir Skildi) 70 faðma langur, 5880 teningsfet.“

Brettánda árið, 1892-1893, (bls. 179). „*Skorinn móð*: Hér um bil 300 kerruhlöss af þurrum mó. ... *Sléttan* í túni: 1380 ferh. faðmar. *Grafnir skurðir* til framræslu: 140 faðma langir, 7000 teningsfet. *Áveituskurðir*: 680 faðma langir, 50400 teningsfet. *Grafín* og gjörð malarræsi 3 og hálf – 4 fet á dýpt, 40 faðma löng. *Garðar hlaðnir*: A: Einhl. úr stórgrýti 5 feta hár, 2 á þykkt, 24 faðmar. B: Tvíhlaðinn

grjótg. 5 feta hár, 2 ½ f.þ., 96 faðma langur. C: Tvíhlaðinn úr grjóti og hnaus, 5 feta hár, 14 faðma langur. D: Torfgarður 5 feta hár, 3 feta þykkur, 20 faðma langur.“

Fjórtánda árið, 1893-1894 (bls. 179-180). „*Skorinn mó�*: 250 kerruhlöss af þurrum. ... *Sléttarð tún*: 508 ferhynnings faðmar. *Hlaðinn grjótgarðar*: Einhlaðinn 5 feta hár, 67 faðma langur. Tvíhlaðinn 5 feta hár, 112 faðma langur. *Hlaðinn hnausagarður*: 5 feta hár, 42 faðma langur. *Lokræsi*: 4 feta djúpt, 14 faðma langt, 672 teningsfet grafin.“

Fimmtánda árið, 1894-1895 (bls. 180). „*Skorinn mó�* til eldiviðar 260 kerruhlöss af þurrum mó. ... *Sléttarð í túni*: 850 ferh. faðmar. *Hlaðinn grjótgarður*, tvíhlaðinn, 4 og hálf fet á hæð, 50 faðmar. *Hlaðinn varnargarður* úr hnaus, 4 og hálf fet á hæð, 130 faðma. *Grafnir áveitu-* og *framræsluskurðir*, 250 faðmar, alls 6900 ten. fet.“

Sextánda árið, 1895-1896 (bls. 181). „*Skorinn mó�*: 220 kerruhlöss af þurrum mó. ... *Sléttarð þýfi* 1650 ferhynnings faðmar. *Hlaðnar girðingar* úr hnaus, 4 og hálf til 5 fet á hæð, 135 faðma.“

Sautjánda árið, 1896-1897, (bls. 181). „*Sléttarð tún*: 1640 ferh. faðmar. *Hlaðnir garðar* úr grjóti og torfi, 4 og hálf fet á hæð, 180 faðmar. *Grafnir framræsluskurðir*, 61 faðmur á lengd.“

Átjánda árið, 1897-1898, (bls. 181-182). „*Sléttarð í túni* 1040 ferhynnings faðmar. *Hlaðinn grjótgarður*, einhlaðinn, 4 fet á hæð, 60 faðma langur. *Hlaðinn vörslugarður* úr hnaus, 5 fet á hæð, 4 feta þykkur að neðan, 2 feta þykkur að ofan, 98 faðma langur. *Grafinn skurður* til framræslu, 3 og hálf alin á breidd að ofan, 1 alin á dýpt, 56 faðma langur. *Grafinn áveituskurður*, 1 alin á breidd, hálf á dýpt, 60 faðma langur.“

Nítjánda árið, 1898-1899 (bls. 182). „*Sléttarð í túni*: 1975 ferhynnings faðmar. *Grafnir skurðir til vatnsleiðslu*: 120 faðmar á lengd, hér um bil 10.000 teningsfet.“

Tuttugasta árið, 1899-1900 (bls. 183). „*Sléttarð í túni*: 1210 ferh. faðmar. *Hlaðinn vörslugarður* úr grjóti, einhlaðinn, 2 álna hár, 155 faðma. *Grafinn skurður*: 115 faðma langur, 3650 teningsfet.“

Tuttugasta og fyrsta árið, 1900-1901 (bls. 183). „*Sléttarð var í túni*: 1860 ferhynnings faðmar. *Gjörðir skurðir til framræslu*: 60 faðma langir, 4320 teningsfet. *Gjörður tvíhlaðinn grjótgarður*: 50 faðma langur, 2 álna hár.“

Tuttugasta og annað árið, 1901-1902 (bls. 184). „1. *Sléttarð í túni*: 1670 ferfaðmar. 2. *Gjörður upphleyptur vegur* gegnum túnið: 100 faðma. 3. *Gjörð lokræsi* (holræsi): 56 faðmar. 4. *Hlaðinn tvíhlaðinn grjótgarður*: 40 faðma.“

Tuttugasta og þriðja árið, 1902-1903 (bls. 185). „1. *Sléttarð í túni*: 1550 ferh. faðmar. 2. *Hlaðinn torfgarður*: 3 fet á hæð með gaddavírstreng á, 178 faðmar. 3. *Hlaðinn grjótgarður*, tvíhlaðinn, 4 fet á hæð, 32 faðma langur. 4. *Gjörð lokræsi* (jarðræsi, holræsi), 80 faðma löng. 5. Eldri deildar sveinar *plægðu* yfir 2000 ferh. faðma af greiðfæru landi og grasgrónu. Sumpart hleðsluefni í torfgarðinn, sumpart til að æfa sig að plægja einsamlir, stýra hestum og plógi í einu. 6. *Gjörður vagnvegur* gegn um túnið og fram fyrir það, 80 faðma l.“

Tuttugasta og fjórða árið, 1903-1904 (bls. 186). „1. *Sléttarðar þúfur* 1564 ferh. faðmar. 2. *Plægt umfram óræktarland*: 1650 ferh. faðmar. 3. *Hlaðinn torfgarður*: 5 feta hár, 80 faðma langur. 4. *Hlaðinn grjótgarður*: 4 feta hár, 23 faðma langur. 5. *Gjörður vörsluskurður* með garði, 5 fet á breidd, 2

fet á dýpt, 90 faðma langur. 6. *Gjörð gaddavírsgirðing*: 4 strengja, 350 faðmar. 7. *Gjörð jarðræsi* (holræsi): 4 fet á dýpt, 130 faðma löng.“

Tuttasta og fimmta árið, 1904-1905, (bls. 186-7). „1. *Sléttar þúfur*, þakið 850 ferh. faðmar. 2. *Plægt* og unnin eldri flög og sáð höfrum og byggi í 650 ferh. faðma. 3. *Plægt*, unnið og búið undir þakningu, 188 ferh. faðmar. 4. *Plægðir grasmóar* utan túns, 1330 ferh. faðmar. 5. *Plægt upp í túninu* með grásrót, 760 ferh. faðmar. 6. *Plægt til æfinga* grásrótarlitið óræktarland sem ekkert verður unnið að fyrst um sinn, 1800 ferh. faðmar. 7. *Gjörð gaddavírsgirðing*, 262 faðma löng. 8. *Gjörður skurður* 6 fet á breidd að ofan, fet í botn. 140 faðma langur. 9. *Gjörð lokræsi*, 4 fet á dýpt (holræsi), 20 faðmar á lengd.“